

## Minnisblað frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

### Efni: Verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og trúnaðargagna

Þann 7. september 2015 skipaði borgarritari starfshóp um verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og trúnaðargagna. Verkefni starfshópsins voru meðal annars að útbúa verklagsreglur um meðferð og miðlun upplýsinga sem innihalda persónugreinanlegar upplýsingar og trúnaðargögn, útbúa gátlista sem skyldu nýtast við að greina hvort upplýsingar innihaldi trúnaðargögn eða persónugreinanlegar upplýsingar og gera tillögu að flokkun þessara gagna.

Formaður hópsins var Ásta Guðrún Beck en hún lét af störfum fyrir Reykjavíkurborg síðustu áramót. Áður en Ásta Guðrún Beck lauk störfum skilaði hún ábyrgðarmanni starfshópsins um verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og trúnaðargagna minnisblaði þar sem helstu niðurstöður starfshópsins voru reifaðar. Í minnisblaðinu kemur fram að það er mat formanns hópsins að málefni sviðanna séu það ólík eðlilegra sé að tryggt sé að hvert og eitt svið, auk miðlægrar stjórnarsýslu, setji sér eigin verklagsreglur um meðferð upplýsinga sem innihalda trúnaðargögn eða persónugreinanlegar upplýsingar. Lagaramminn er svo tilviksbundin að erfitt er að setja almennar reglur án þess hreinlega að endurtaka löginn sem um efnið gilda. Af þessu sögðu er lagt til að hverju sviði fyrir sig ásamt miðlægri stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar verði falið að útbúa eigin verklagsreglur um meðferð trúnaðargagna og persónuupplýsinga. Skulu þær verklagsreglur taka mið af þeim upplýsingum sem unnið er með innan sviða eða skrifstofum sem og öðru verklagi inni á einstökum sviðum. Slíkt er talið vænlegra þar sem á hverju sviði og í miðlægri stjórnarsýslu er starfandi lögfræðingur og/eða skjalavörður sem þekkja til hvers konar upplýsingar unnið er með innan viðkomandi sviða eða skrifstofa. Þess má einnig geta að ákvæði upplýsingastefnu gerir aðeins kröfu um að til staðar séu slíkar reglur en ekki að þær skulu vera miðlægar.

Lagt er til að starfshópurinn verði leystur frá störfum og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið það hlutverk að sinna eftirfylgni með þessari vinnu og hafi það hlutverk að aðstoða, leiðbeina og styðja við að slíkar reglur verði útbúnar á fagsviðum og í miðlægri stjórnarsýslu. Þegar slíkar reglur hafa verið útbúnar skulu þær kynntar fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráði og er lagt til að slíkt verði gert fyrir 30. nóvember 2016.

Reykjavík 27. maí 2016

Helga Björg Ragnarsdóttir  
skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

#### Hjálagt:

Erindisbréf starfshópsins frá 7. september 2015.